



## Guðmundur G. Bárðarson prófessor.

Sem ritstjóra þessa blaðs ber mér skylda til að minnast að nokkru þess manns, sem helgaði ritinu síðustu krafta sína. Mér ber skylda til þess að minnast hans vegna þeirra verka, sem hann hefir skilað okkur, hinni ungu kynslóð íslenskra náttúrufræðinga, til þess að við skulum halda þeim áfram, og leiða þau fram til sigurs, vegna þess grundvallar, sem hann hefir gefið oss að byggja á. Það skal vera mér ljúft að gegna þessari skyldu, enda þótt mér sé það ekki fært. Guðmundur Bárðarson var mikilmenni, sem vegna hinna langdrægu áhrifa sinna og útsjónar, naut sín ekki síður í fjarska, en meðal þeirra, sem næst stóðu. Þess vegna verður grein þessi aðeins lítilfjörleg dánarminning, skrifuð í skugga hins sorglega viðburðar, en ekki mat á þeim fallna, né lífsstarfi hans. Komandi tímar munu meta verk hans, en í heimslesnum vísindaritum hefir hann reist sér minnisvarða með ritum sínum.

Guðmundur G. Bárðarson var af vestfirzku bergi brotinn. Hann fæddist að Borg í Skötufirði í Ísafjarðarsýslu 3. jan. 1880, og var óskylgetinn sonur Guðmundar Bárðarsonar óðalsbónda, sem bjó þar, og Guðbjargar Sigurðardóttur. Fyrstu þrjú misserin var hann með móður sinni, en fluttist svo, hálfis annars árs gamall, til föður síns að Borg. Þriggja ára gamall fluttist hann búferlum með föður sínum að Kollafjarðarnesi í Strandasýslu, og ólst þar upp úr því. Snemma hneigðist hugur hans til fróðleiks og bóka, enda átti hann því láni að fagna, að geta gefið sig allmikið að andlegum störfum. Fyrirbrigðin í náttúrunni kölluðu snemma á athygli hans og áhuga, og varð það að ráði að láta hann ganga menntavegin. Vorið 1897 kom hann til Reykjavíkur og tók inntökupróf í 1. bekk Menntaskólans, sat þar síðan fjóra vetur, og lauk fjórða bekkjar prófi 1901. Þá voru sjúkdómur byrjaðir að mæða hann, svo að hann varð að hætta námi. Sama ár fluttist faðir hans að Bæ í Hrutafirði, og tók Guðmundur þá við Kollafjarðarnesi, og bjó þar síðan þangað til 1904, er hann varð að hætta búskap vegna heilsuleysis. Í janúar þetta ár hélt hann til Reykjavíkur, til þess að fá bót meina sinna, og var þar

---

**Höfundur:** Árni Friðriksson  
Náttúrufræðingurinn, 1933, 3. árg, bls: 33-39

og

Viðaukar við ritskrá G.G. Bárðarsonar  
**Höfundur:** Árni Friðriksson  
Náttúrufræðingurinn, 1933, 3. árg, bls: 94

gerður á honum holskurður um mánaðarmótin jan.—febr. Eftir þann skurð varð hann að liggja fram á vor, en hélt þá aftur norður og settist að á Bæ hjá föður sínum. Tæpum tveimur árum seinna (2. jan. 1906) giptist hann Helgu Finnsdóttur, dóttur Finns óðalsbónda á Kjörseyri (í Hrútafirði), og tók við búi af tengdaföður sínum vorið 1907. Rak hann þar myndarbú með konu sinni, þótt hann ætti stöðugt við vanheilsu að stríða, en stundaði þó jafnframt vísindin af fullu kappi. Í september 1909 réðist hann til utanfarar, og dvaldi um veturinn 1909—10 í Stokkhólmi og Kaupmannahöfn, naut þar fræðslu á háskólunum og kynnti sér söfnin, eftir því, sem föng voru til. Stöðugt varð hann að búa við vanheilsu, sem sótti hann svo mjög, að hann varð að leggja sig undir hnífinn í annað sinn (í Kaupmannahöfn, um mánaðarmótin febr.—marz, 1910). Í júní 1910 hvarf hann aftur heim til Íslands, og settist að búi sínu á Kjörseyri. Hélt hann nú rannsóknnum sínum áfram með mikilli elju og dugnaði, og stundaði ennþá bú í ellefu ár, þangað til hann fluttist til Akureyrar árið 1921, og varð þar kennari í náttúrufræði við gagnfræðaskólann. Þar dvaldi hann í fimm ár, en fluttist þá (1926) til Reykjavíkur, og varð kennari við Menntaskólann þar. Veturinn 1930—31 fékk hann lausn frá störfum, til þess að ljúka ýmsum rannsóknum og ritstörfum, sem hann hafði í smíðum, en þegar fjárhagur ríkisins fór að þrengjast, varð hann að taka aftur við embætti (haustið 1931). Stöðugt þjáði heilsuleysi hann, að meira eða minna leyti, og snemma í sept. 1932, tók hann sótt, sem lagði hann í rúmið. 14. nóvember var hann fluttur að heiman, og lagður inn á Landsspítalann. Var þar gerður á honum þriðji holskurðurinn um miðjan desembermánuð, en allt kom fyrir ekki. 13. marz, 1933 andaðist hann að heimili sínu á Lauganesi, og fann hvíld, eftir langt og mikið æfistarf.

Guðmundur Bárðarson lætur eftir sig ekkju, og fjögur uppkomin börn. Varla er hægt að minnast hans, án þess að geta um ekkjuna, frú Helgu Finnsdóttur. Hún var honum tilvalin kona, sem skildi hann, og var honum samtaka við öll þau mörgu störf, sem á herðum hans hvíldu. Ekki var hún honum síður hægri höndin í orrustunni gegn öllum þeim sjúkdómum, sem oft og þungt drápu á dyr, enda þótt hún ætti ekki sjálf góðri heilsu að fagna. Henni verður óbeinlínis að tileinka nokkuð af þeim andlegu verðmætum, sem eftir hinn látna liggja.

Alla tíð lagði Guðmundur mikið kapp á að mennta börn sín eins vel og frekast varð við komið. Létu þau hjón einskis freist-

að í því efni. Elzta dóttir þeirra, Ingibjörg að nafni, er nú á landsímastöðinni í Reykjavík, önnur, Jóna, er á kvennaskólanum á Blönduósi, en sú þriðja, Guðbjörg, er heima hjá móður sinni. Sonurinn, Finnur, hefir fengið skerf af hrifningu föðurins á náttúrunni í arf. Hann stundar nú náttúrufræðinám við háskólann í Hamborg, og mun ljúka prófi að tveimur árum liðnum, ef efna-skortur stemmir ekki stigu fyrir honum áður en markinu er náð. Vonandi kunna Íslendingar svo vel að meta verk föður hans, að þeir hjálpi syninum til þess að ljúka námi, svo að hann megi koma heim og skipa hið tóma sæti, sjálfum sér og landinu til frægðar.

Guðmundur Bárðarson lætur ekki eftir sig gull né silfur, en vart munu þau andlegu verðmæti, sem eftir hann liggja, verða matin til fjár. Auk rita þeirra, sem eftir hann liggja, verður að minnast á hið mikla og vandaða jarðfræðilega safn hans, það er aðal-árangurinn af lífsstarfi hans, og að minnsta kosti 30—40 þús. króna virði. Vonandi er, að hægt verði að búa svo um, að slíkur menjagripur fari ekki út úr landinu.

Guðmundur heitinn var hár maður á velli, og þreklega vaxinn. Á síðari árum söfnuðust honum nokkuð hold, og gerði það honum erfitt fyrir um líkamlega áreynslu, ekki sízt fjallgöngur. Hann var þrekmaður mikill, bæði til líkama og sálar. Hann var tígulegur ásýndum, úr hinum tilkomumikla svip hans skein brennandi áhugi og tröllsefldur vilji. Mörg og margþætt voru þau störf, sem hann tók sér fyrir hendur, fleiri og fleiri voru þeir þræðir, sem í höndum hans léku. Með áhrifum sínum, gáfum og áhuga, vann hann íslenskum náttúruvísindum, ekki sízt jarðfræðinni, og íslenskri fræðslu starf, sem vart mun verða að verðleikum metið, og seint að fullu goldið. Enda þótt hann ætti ekki því láni að fagna, að ljúka námi, safnaði hann sér mikillar þekkingar í umgengni sinni og viðskiftum sínum við aðra vísindamenn, bæði hér og erlendis, og eins úr ýmsum erlendum bókum. Tungumálanám mun aldrei hafa legið vel fyrir honum, en með vilja sínum og atorku tókst honum þó að afla sér djúptækrar menntunar í Norðurlandamálunum, ensku og þýzku. Eftir að hingað kom til Reykjavíkur, var hann jafnan þungamiðja flestra athafna og framfara á sviði náttúruvísindanna, og mætti þar benda á margt. T. d. var hann einn af stofnendum Vísindafélags Íslendinga, hann var aðalfrömuður fuglamerkinganna, sem náttúrugripasafnið stofnaði til, síðastl. ár. Ennfremur var hann annar stofnandi Náttúrufræðingsins, og margt mætti ennþá til

telja. Alls staðar, þar sem hann kom við, lét hann mikið til sín taka, en naut sín þó vel í samvinnu við alla þá, sem kunnu að meta verk hans og hugsjónir. Hann var hinn þrúðasti í allri umgengni, gestrisinn mjög heim að sækja, ætíð boðinn og búinn þeim til hjálpar, sem til hans leituðu.

Það ræður að líkindum, að Guðmundi Bárðarsyni hlotnaðist ýmis viðurkenning og vinátta margra mætra manna fyrir störf sín. Þannig var hann gerður að heiðursmeðlim hins heimskunna enska vísindafélags „British Association“, og hjá ættjörð sinni hlaut hann heiðursnafnbótina „Prófessor“. Önnur sönnun fyrir hylli þeirri, sem hann naut meðal erlendra vísindamana, er það, að sumar af ritgjörðum hans hafa birt í tímaritum, sem einungis allra-færustu og þekktustu vísindamenn skrifa í, má þar nefna „Videnskabernes Selskabs Skrifter“.

Með Guðmundi G. Bárðarsyni hefir Ísland misst einn sinna allra beztu sona. Mikið var það starf, sem honum tókst að leysa af hendi, þrátt fyrir illa aðstöðu, og margs konar erfiðleika. Hann hefir skilað ættjörð sinni miklu dagsverki, eftir því miður, allt of stuttan vinnudag. Hann er komandi kynslóðum til fyrirmyndar um dugnað og atorku. Nafn hans er landinu til heiðurs inn á við og út á við. Minning hans er þjóðinni til gleði, vegna þess að starf hans hefir sýnt, hve miklum vísindalegum hæfileikum íslenskur alþýðumaður getur verið búinn, og hve langt er hægt að komast, jafnvel með lítilli menntun, mælt á mælikvarða nútímans, ef vel er að verið.

Við samverkamenn Guðmundar hörmum tapið sáran. Torvelt mun verða að fylla það skarð, sem dauðinn hefir höggvið í hina fámennu fylkingu. Aldrei frammar megum við sjá hann í hóp okkar. Aldrei frammar njótum við góðs af gáfum hans og dugnaði, en ávallt munum vér varðveita minningu hans, íslenska þjóðin mun aldrei gleyma honum, og seint mun firnast nafn hans í sögu íslenskra náttúruvísinda, því:

Deyr fé,  
deyja frændr,  
deyr sjálfr it sama.  
En orðstirr  
deyr aldri,  
hveim sér góðan getr.

**Skrá yfir rit Guðmundar G. Bárðarsonar.**

Ritunum er raðað eftir aldri.

(Bibliographia Bárðarsoniana).

- Árið 1902. Um ránjurtir (um 30 bls. Tímarit Bókmenntafélagsins 1902).
- 1906. Purpura lapillus, L., i hævede Lag paa Nordkysten af Island. (Vidensk. Medd. fra Nat. For. Bls. 178—185, Köbenh.).
- 1910. Mærker efter Klima- og Niveauforandringer ved Hunaflói, Nord-Island. (Vidensk. Medd. fra Nat. For. Bls. 35—79).
- 1910. Traces of Changer of Climate and Level of Hunaflói, Northern Iceland. (Postglaciale Klimaveränderungen, gefið út í sambandi við 11. alþjóðafund jarðfræðinga í Stokkhólmi, 1910, bls. 347—352).
- 1913 Skógræktin og loftslagið (Freyr X.).
- 1915. Um skógræktina (Freyr XII.).
- 1917. Um surtarbrand til eldsneytis (Lögrétta).
- 1918. Um surtarbrand (Andvari).
- 1918. Sælindýr við Ísland, 31 bls. (Skýrsla um hið ísl. náttúrufr.).
- 1918. Myndun Íslands og æfi, 29 bls. (Íðunn, 1918).
- 1920. Tímatal í jarðfræði (Íðunn).
- 1920. Den marine Molluskfauna ved Vestkysten af Island, 139 bls. (Det kgl. danske Vidensk. Selsk. biolog. Medd. II. 3.).
- 1920. Forfeður mannkynsins og frumbyggjar Evrópu (Eimreiðin).
- 1921. Sælindýr nýfundin við Ísland. 6 bls. (Skýrsla um hið ísl. náttúrufr.félag).
- 1921. Fossile Skalaflejringar ved Breidafjord i Vest-Island (Geol. Fören. i Stockholm forhandl.), 57 bls.
- 1922. Ágrip af Jarðfræði, 98 bls. Akureyri.
- 1923. Fornar sjávarminjar við Borgarfjörð og Hvalfjörð, 120 bls. (Rit vísindafél. Ísland.).
- 1925. A Stratigraphical Survey of the Pliocen Deposits in Tjörnes in Northern Iceland, 118. bls., með tveimur stórum þverskurðarmyndum (Kgl. danske Vidensk. biolog. Medd. IV. 5.).

- 1925 Die Askja in Inner-Island. Kort, er sýnir útbreiðslu og upptök yngstu hraunanna (Petermanns geograph. Mitteil. 1925).
- 1926. Die jüngste vulkanischen Ausbruchsstellen in der Askja, 8 bls. með korti (Zeitschrift für Vulkanologie, Berl. 1926, B. X.).
- 1927. Ágrip af jarðfræði, aukin og endursamin, með 66 myndum, 192 bls.
- 1927. Bergbúi (Zirphæa crispata) við norðurströnd Íslands, 3 bls. (Skýrsla um hið ísl. Náttúrufr.fél.).
- 1927. Nýjungar úr gróðrarríki Íslands. (Skýrsla um hið ísl. Náttúrufr.félag).
- 1928. Síðustu eldgosin í Öskju, með korti (Skírnir).
- 1928. Um lífsstörf plantnanna, 16 bls. (Lesarkasafnið).
- 1929. Ný sóleyjartegund (Skýrsla um hið ísl. Nátt.).
- 1929. Um votlendisáveitu, 24 bls. (Búnaðarritið, 43. árg.).
- 1929. Nogle geologiske Profiler fra Snæfellsnes Vest-Island, 5 bls. (Beretning om det 18. skandinaviske Naturforskermöde, Köbenh. 1929).
- 1929. Geologisk Kort over Reykjaneshalvöen, 8 bls. (Beretning om det 18 skandin. Naturforskermöde, Köbenh. 1929).
- 1929. Om Guldfund paa Island, 2 bls. (Beretn. om det 18. skand. Nat.). Þessar þrjár síðastgreindu greinar eru útdráttur úr erindum, er höf. hélt á náttúrufræðingamótinu í Kbh. 1929).
- 1930. Vulkanausbrüche in der Gegend der Hekla, im Jahre 1913. (Rit vísindafélags Íslendinga, 6.).

Auk þess, sem hér er talið, hefir G. G. B. skrifað milli 60 og 70 greinar í Náttúrufræðinginn, I.—II. (1931—1932), og nokkrar greinar í dagblaðið „Vísir“ á árunum 1927—1932. Mun hann hafa ætlað sér að ljúka við síðari hluta rits síns um Tjörnes (1. hluti: A Stratigraphical Survey ect.), er átti að fjalla um fornskeljar fundnar á Tjörnesi, lýsingar á öllum tegundunum og afbrigðum þeirra, og útbreiðslu þeirra á Tjörnes-lögunum og í samskonar lögum erlendis, og í höfum nútímans, þar sem þær eru ennþá á lífi. Enn fremur mun hann hafa ætlað sér að ljúka við rannsóknir sínar um jarðmyndanir á Snæfellsnesi, gera jarðfræðiskort af Reykjaneskaga, og birta fleiri rit um eldgos.

Á. F.



*Prófessor GUÐM. G. BÁRÐARSON*

## **Viðaukar við ritskrá G. G. Bárðarsonar.**

---

Jarðmyndanir og landslag á Þingvöllum. Árbók Ferðafél. '30.

Jarðmyndanir á Snæfellsnesi. Árbók Ferðafél. '32.

Jordvannen och vulkanudbrotten på Island. Nordens Kalender 1933. —

Óvinir æðarfuglsins. Andvari '04.

Eftir upplýsingum frá

*Steindóri Steindórssyni.*